

17. júlí 2008



ALFESCA HF.

Samþykktir

Articles of Association

EFNISYFIRLIT
TABLE OF CONTENTS

I. KAFLI	4
Heiti félagsins, heimili og tilgangur	4
CHAPTER I	4
Name of the Company, domicile and purpose	4
Grein 1.1	4
Article 1.1	4
Grein 1.2	4
Article 1.2	4
Grein 1.3	5
Article 1.3	5
II. KAFLI	6
Hlutfé félagsins	6
CHAPTER II	6
Share Capital of the Company	6
Grein 2.1	6
Article 2.1	7
Grein 2.2	9
Article 2.2	9
Grein 2.3	9
Article 2.3	9
Grein 2.4	9
Article 2.4	10
Grein 2.5	10
Article 2.5	10
Grein 2.6	10
Article 2.6	10
Grein 2.7	11
Article 2.7	11
III. KAFLI	12
Stjórnskipulag	12
CHAPTER III	12
Form of government	12
Grein 3.1	12
Article 3.1	12
IV. KAFLI	13
CHAPTER IV	13
Shareholders' Meetings	13
Grein 4.1	13
Article 4.1	13
Grein 4.2	14
Article 4.2	14
Grein 4.3	14
Article 4.3	15
Grein 4.4	15
Article 4.4	16
Grein 4.5	17
Article 4.5	17
Grein 4.6	17
Article 4.6	18
Grein 4.7	18
Article 4.7	18
Grein 4.8	18
Article 4.8	19
V. KAFLI	20
Stjórn félagsins	20
CHAPTER V	20
Board of Directors of the Company	20
Grein 5.1	20

Article 5.1	20
Grein 5.2	20
Article 5.2	21
Grein 5.3	21
Article 5.3	22
Grein 5.4	22
Article 5.4	23
Grein 5.5	24
Article 5.5	24
VI. KAFLI.....	25
Forstjóri.....	25
CHAPTER VI.....	25
Chief Executive Officer	25
Grein 6.1	25
Article 6.1	25
Grein 6.2	25
Article 6.2	25
VII. KAFLI	26
Reikningar og endurskoðun	26
CHAPTER VII.....	26
Financial Statements and Auditing	26
Grein 7.1	26
Article 7.1	26
VIII. KAFLI.....	27
Eigið hlutfé félagsins.....	27
CHAPTER VIII	27
Own shareholding of the Company.....	27
Grein 8.1	27
Article 8.1	27
IX. KAFLI.....	28
Breytingar á samþykktum félagsins	28
CHAPTER IX	28
Amendments of the Articles of Association.....	28
Grein 9.1	28
Article 9.1	28
X. KAFLI.....	29
Slit á félaginu	29
CHAPTER X	29
Dissolution of the Company.....	29
Grein 10.1	29
Article 10.1	29
XI. KAFLI.....	30
Önnur ákvæði.....	30
CHAPTER XI	30
Other Provisions.....	30
Grein 11.1	30
Article 11.1	30

S A M Þ Y K K T I R

fyrir ALFESCA HF.

A R T I C L E S O F A S S O C I A T I O N

of ALFESCA HF.

I. KAFLI

Heiti félagsins, heimili og tilgangur.

CHAPTER I

Name of the Company, domicile and purpose

Grein 1.1

Félagsform og nafn

Félagið er hlutafélag. Heiti félagsins er ALFESCA HF.

Article 1.1

Structure and name

The Company is a public limited liability Company. The Company's name is ALFESCA HF.

Grein 1.2

Lögheimili og varnarþing

Lögheimili og varnarþing félagsins er að Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, Íslandi.

Article 1.2

Registered office and legal venue

The registered office of the Company and legal venue shall be at House of Commerce, Kringlan 7, 103 Reykjavík, Iceland.

Grein 1.3
Tilgangur félagsins

Tilgangur félagsins er að annast verslun með sjávarafurðir og aðrar matvörur, að eiga og reka fyrirtæki sem hafa með höndum framleiðslu, sölu og dreifingu á matvælum og annan skyldan atvinnurekstur, rekstur fasteigna og annað sem eðlilegt er að félagið hafi með höndum.

Article 1.3
Objective of the Company

The objective of the Company is to engage in activities concerning the trading of seafood products and other food products, to own and operate businesses that engage in the production, sale and distribution of foods and other related business activities, activities related to the operation of real estate and other business activities considered as normal activities for the Company.

II. KAFLI

Hlutfé félagsins

CHAPTER II

Share Capital of the Company

Grein 2.1

Hlutfé

Hlutfé félagsins er kr. 5.877.692.004,00 - (Fimm miljarðar átta hundruð sjötíu og sjö milljónir sex hundruð níutíu og tvö þúsund og fjórar)- íslenskar krónur.

Hlutféð skiptist í einnar krónu hluti eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Gefa má út eitt hlutabréf fyrir öllu hlutfé hvers hluthafa í félaginu og gildir hið sama við aukningu hlutafjár, sbr. grein 2.2.

Félaginu er skylt að skipta hlutabréfum í smærri einingar ef fram kemur rökstudd beiðni þar um, svo sem við búskipti.

Stjórn félagsins er heimilt að skrá hlutfé þess í erlendri mynt í samræmi við ákvæði hlutfélagalaga. Ákveði stjórnin að nýta sér heimild þessa skal hlutfé félagsins samkvæmt grein þessarri breytt í evrur. Skal við umreikning miða við kaupgengið 87,0414134. Nýti stjórn heimild þessa skal stjórn einnig heimilt að umreikna heimildir sína til hækkunar hlutafjár í samþykktum þessum yfir í EUR, miðað við kaupgengið 87,0414134.

Verði ákveðið að nýta heimild þessa breytast ákvæði greinar þessarar, svo og greinar 4.7 því til samræmis og fylgir þá eitt atkvæði hverri einni Evru í hlutfé.

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé félagsins um allt að 850.000.000,00 krónum að nafnverði með útgáfu 850.000.000 nýrra hluta. Kaupgengi hlutanna og söluskilmálar hlutanna skulu vera nánar ákveðnir af stjórn félagsins. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum til áskriftar að þessum nýju hlutum, skv. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Stjórn getur ákveðið að greitt verði fyrir hlutina með öðru en reiðufé. Engar hömlur verða á viðskiptum með hina nýju hluti. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi þeirrar hækkunar sem þeir tilheyra. Stjórn félagsins skal ákveða í hvaða áföngum heimildin verður nýtt. Heimildin skal standa til 1. september 2012 að því marki sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir þann dag. Hinir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu.

Stjórn félagsins er jafnframt heimilt að hækka hlutfé félagsins um allt að 850.000.000,00 krónum að nafnverði með útgáfu 850.000.000 nýrra hluta. Kaupgengi hlutanna og söluskilmálar hlutanna skulu vera nánar ákveðnir af stjórn félagsins. Hluthafar eiga forgangsrétt til áskriftar að hinum nýju hlutum. Stjórn getur ákveðið að greitt verði fyrir hlutina með öðru en reiðufé. Engar hömlur verða á viðskiptum með hina nýju hluti. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi þeirrar hækkunar sem þeir tilheyra. Stjórn félagsins skal ákveða í hvaða áföngum heimildin verður nýtt. Heimildin skal standa til 1.

september 2012 að því marki sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir þann dag. Hinir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu.

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að 178.191.188 krónum að nafnverði með útgáfu nýrra hluta til starfsmanna félagsins eða aðila sem tengjast félaginu, vegna kaupréttaráætlunar sem félagið hyggst setja sér. Kaupgengi hlutanna og söluskilmálar skulu vera samkvæmt sérstökum samningum sem stjórn félagsins gerir við hlutaðeigandi starfsmenn eða tengda aðila. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum til áskriftar að þessum nýju hlutum, skv. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Engar hömlur verða á viðskiptum með hina nýju hluti. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi þeirrar hækkunar sem þeir tilheyra. Stjórn félagsins skal ákveða í hvaða áföngum heimildin verður nýtt. Heimildin skal standa til 6. nóvember 2009 að því marki sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir þann dag. Hinir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu.

Greiði hluthafi ekki tilskilið hlutafé á gjalddaga skal hann greiða dráttarvexti af skuldinni frá þeim degi til greiðsludags, auk alls kostnaðar við innheimtu. Jafnframt er heimilt að grípa til annarra þeirra vanefndaúrræða sem lög heimila á hverjum tíma.

Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutafé þess um allt að kr. 300.000.000 – þrjúhundruðmilljónir 00/100- að nafnverði, á genginu 4,83 til að félagið geti staðið við efndir á áætlun um árangurstengdar launagreiðslur með tilheyrandi skilyrtum kauprétti fyrir lykilstarfsmenn félagsins. Hluthafar falla frá forkaupsrétti að hækkuninni ef reynir á hækkunarheimildina. Stjórninni er heimilt að nýta heimildina að hluta eða öllu leyti, í eitt eða fleiri skipti, og skal heimildin standa til 22. maí 2012. Nýjir hlutir sem gefnir verða út á grundvelli heimildarinnar veita réttindi í félaginu frá skráningu þeirra.

Article 2.1

Share Capital

The share capital of the Company is ISK 5.877.692.004,00- (Five billion eight hundred and seventy seven millions, six hundred and ninety two thousand and four) Icelandic kronas.

The nominal value of each share is one krona. It is permissible to issue all the shares to one shareholder in the Company and the same is valid for the increase in the share capital, as stipulated in article 2.02.

The Company is obliged to split the shares into smaller portions if it receives a substantiated request in relation thereto, such as if the Company is under liquidation or alike.

The Board of Directors may decide to register the share capital of the Company in foreign currency in accordance with the applicable law on public limited companies. If the Board of Directors decides to use this authorization, the share capital of the Company shall be registered in euros. If such a change occurs, the change shall be calculated at the conversion rate of EUR/ISK 87,0414134. Should the Board of Directors use this authorization, the Board of Directors shall also be permitted to convert its authorizations to increase the capital of the Company contained in these Articles, into euros, at the conversion rate of EUR/ISK 87,0414134.

If the authorization is used, changes to this article, as well as article 4.7 follows to the extent necessary and one euro in shares equals one vote.

The Board of Directors of the Company is authorized to increase the share capital of the Company by up to ISK 850,000,000.00 in nominal value through the subscription of up to 850,000,000 new shares. The Board of Directors shall determine more specifically how this increase will be executed, with reference to price and terms of payment. The current shareholders waive their pre-emptive rights to the new shares. The Board of Directors is authorised to decide that subscribers may pay for the new shares in part or in whole with other valuables than cash. There will be no restrictions on trading in the new shares. The shares shall confer rights in the Company from the listing data of the increase to which they pertain. The Board of Directors shall decide the stages of the utilisation of this authorisation. The authorisation is valid until 1 September 2012, to the extent that it has not then been exercised. The new shares shall, otherwise than as indicated herein, belong to the same class and carry the same rights as other shares in the Company.

The Board of Directors of the Company is further authorized to increase the share capital of the Company by up to ISK 850,000,000.00 in nominal value through the subscription of up to 850,000,000 new shares. The Board of Directors shall determine more specifically how this increase will be executed, with reference to price and terms of payment. The current shareholders shall have pre-emptive rights to subscription of the new shares. The Board of Directors is authorised to decide that subscribers may pay for the new shares in part or in whole with other valuables than cash. There will be no restrictions on trading in the new shares. The shares shall confer rights in the Company from the listing data of the increase to which they pertain. The Board of Directors shall decide the stages of the utilisation of this authorisation. The authorisation is valid until 1 September 2012, to the extent that it has not then been exercised. The new shares shall belong to the same class and carry the same rights as other shares in the Company.

The Board of Directors of the Company is authorised to increase the share capital of the Company by up to ISK 178.191.188 – (one hundred and seventy eight million, one hundred and ninety one thousand one hundred and eighty eight) - Icelandic Kronas through the sale of new shares to employees of the Company or parties affiliated with the Company, on account of call option strategy that the company attends to implement. The offering price of the shares and terms of the sale shall be subject to separate agreements concluded by the Board of Directors of the Company with employees and other parties affiliated with the Company. Shareholders have waived their pre-emptive rights to subscribe to the new shares in accordance with article 34 of the Act no. 2/1995, respecting to Public Limited Companies. There will be no restrictions on trading in the new shares. The shares shall confer rights in the Company from the listing data of the increase to which they pertain. The Board of Directors shall decide the stages of the utilisation of this authorisation. The authorisation is valid until 6 November 2009, to the extent that it has not then been exercised. The new shares shall belong to the same class and carry the same rights as other shares in the Company.

In the event that a shareholder does not pay in the required share capital on the due date, such shareholder shall pay penalty interest on the debt as of that date until the date of payment, together with all collection costs. Furthermore, any default measures may be taken, as permitted by law at any time.

The Board of Directors of the Company is authorized to increase the share capital by a maximum amount of ISK 300,000,000, at a nominal value, at the per share rate of ISK 4,83 in order for the Company to fulfill the conditions of the performance related share award plan for executive directors and senior managers of the Company. Shareholders shall waive their pre-emptive rights to subscribe to the new shares, if the share increase authorization is utilized. The Board shall be authorized to utilize the authorization either partially or in full, at one time or several times, and the authorization shall expire on May 22nd, 2012. The new shares issued on the basis of the authorization shall confer rights in the Company from the date of registration of the shares.

Grein 2.2
Aukning hlutafjár – Forgangsréttur

Hluthafafundur einn getur samþykkt aukningu hlutafjár í félaginu, hvort heldur með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhlutabréfa.

Hluthafar skulu hafa forkaupsrétt að aukningu á hlutum í hlutfalli við skráða hlutaeign sína, en heimilt er að víkja frá ákvæði þessu sbr. 3. mgr. 34. gr. hlutafélagalaga.

Article 2.2
Increase in Share Capital – Pre-emptive rights

An increase in the share capital of the Company can only be decided by a shareholders' meeting, and such decision can either be made by means of a subscription to new shares or the issue of compensation shares.

Shareholders shall have pre-emptive rights with respect to all increase of share capital in proportion to their registered holdings of shares. This rule can be deviated from, in accordance with Article 34, paragraph 3 the Act on public limited companies.

Grein 2.3
Hlutabréf – hlutaskrá.

Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Article 2.3
Shares –register of shares.

The shares of the Company shall be issued electronically as provided for by Act no. 131/1997 on electronic registration of title to securities.

Grein 2.4
Sönnun fyrir eignarrétti að hlutum

Hlutaskrá samanber ákvæði laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa skoðast fullgild sönnun fyrir eignarétti að hlutum í félaginu, og skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutabréfa í hlutaskrá félagsins. Ber félagið enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um bústaðaskipti.

Article 2.4

Proof of ownership of shares

A lawful proof of ownership of shares in the Company shall be the company registry of shares held in accordance with provisions of the Act on electronic registration of title to securities. Dividends as well as all notices shall be sent to such parties as are registered as shareholders in the company registry of shares at each point in time. The Company is not liable if payments or notices are miscarried because of the shareholders negligence to inform the Company of its change of address.

Grein 2.5

Engar hömlur á framsali hlutabréfa

Engar hömlur eru lagðar á rétt hluthafa til sölu á hlutabréfum sínum. Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir gildandi lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra.

Article 2.5

No restrictions on the transfer of shares

A sale of the Company's shares can take place without any restrictions. A change of ownership shall take place in accordance with the Act on electronic registration of title to securities and rules implemented on the basis of said Act.

Grein 2.6

Bann við lánveitingu.

Félaginu er óheimilt að veita lán út á hlutabréf í félaginu.

Article 2.6

Restrictions on financial assistance

The Company is not permitted to grant credit to finance the Company's shares.

Grein 2.7
Réttindi og skyldur hluthafa.

Hluthafar eru skyldir, án nokkurrar sérstakrar skuldbindingar frá þeirra hálfu, að lúta samþykktum félagsins eins og þær eru nú eða þeim kann síðar að verða breytt á lögmætan hátt. Þó verða hluthafar ekki, hvorki með félagssamþykktum né breytingum á þeim, skyldaðir til að auka hlutafjäreign sína í félaginu og eigi heldur að sæta innlausn á hlutum sínum.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu, nema þeir taki á sig slíka ábyrgð með sérstökum löggæringi. Þessu ákvæði verður ekki breytt né það fellt niður með neinum ályktunum hluthafafundar.

Engin sérréttindi fylgja neinum hlut í félaginu.

Article 2.7
Rights and obligations of shareholders

The shareholders are obligated, without any separate declarations from them, to respect the provisions of these Articles of Association as presently adopted or as subsequently altered by lawful amendment. Shareholders shall not, neither with these Articles of Association nor with any amendments to them, be obliged to increase their shareholding in the Company or be subject to redemption of their shares.

The shareholders are not liable for the obligations of the Company in excess of their shareholding in the Company, unless the shareholders agree to such liability through a separate acknowledgement. The provisions of this article cannot be amended or abolished through any resolution of a shareholders' meeting.

No shares pertain any special rights in the Company above other shares.

III. KAFLI
Stjórnskipulag

CHAPTER III
Form of government

Grein 3.1
Stjórnskipulag

Með stjórn félagsins fara:

1. Hluthafafundir
 2. Stjórn félagsins
 3. Forstjóri
-

Article 3.1
Form of Government

The Company is governed by:

1. The shareholders' meeting
2. The Board of Directors
3. The Company's Executive Officer

IV. KAFLI Hluthafafundir

CHAPTER IV Shareholders' Meetings

Grein 4.1 Almennir hluthafafundir

Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka sem samþykktir þess og landslög setja, er í höndum lögættra hluthafafunda.

Umboð

Hluthafi getur látið umboðsmenn sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð.

Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að því hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu hluthafafundar hvort heldur sem fyrr er.

Rafræn þáttaka í hluthafafundi:

Hluthafar eiga rétt á að taka þátt í hluthafafundum rafrænt. Félaginu er skylt að gefa hluthöfum kost á að greiða atkvæði um mál, sem eru á dagskrá hluthafafundar, bréflaga eða rafrænt.

Lögmæti hluthafafunda.

Hluthafafundur er lögmætur ef til hans er réttilega boðað.

Article 4.1 General Shareholders' meetings

Within the limits laid down by these Articles of Association and by law, the duly held meetings of shareholders shall have the supreme power in the affairs of the Company.

Representation

A shareholder may have his representative attend a shareholders' meeting on his behalf. A representative shall submit a dated Power of Attorney in writing.

Such Power of Attorney shall not be validly revoked vis-à-vis the Company once the Power of Attorney has been presented at the time of the meeting's agenda being provided or at the beginning of the meeting, whichever is the earliest.

Electronic attendance at shareholders' meetings:

Shareholders may participate electronically in shareholders' meetings, including the casting of votes, without being present. The Company is in duty bound to afford shareholders an opportunity of casting votes on issues on the agenda of a shareholders' meeting by letter or electronically.

Legitimacy of shareholders' meetings

A shareholders' meeting is legitimate if correctly called upon.

Grein 4.2 Aðalfundur

Aðalfundur skal halda innan sex mánaða frá lokum hvers reikningsárs árs. Aðalfundir skulu boðaðir með sama hætti og aðrir hluthafafundir skv. ákvæðum greinar 4.4.

Article 4.2 Annual General Meeting

The Annual General Meeting of the Company shall be held within six months from the end of each fiscal year. An Annual General Meeting shall be called upon by the same means as general shareholders' meetings, in accordance with article 4.4.

Grein 4.3 Dagskrá aðalfundar

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningar félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt athugasemdum endurskoðenda, skal lagður fram til staðfestingar og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
3. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
4. Starfskjarastefna félagsins skal tekin til samþykktar.
5. Kosning stjórnar félagsins sbr. gr. 20.
6. Kosning endurskoðendafélags sbr. gr. 27.
7. Önnur mál, sem borin hafa verið löglega fram eða fundurinn samþykkt að taka til meðferðar.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/3 hlutafjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um lið 2 til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

Reikningar félagsins ásamt athugasemdum endurskoðenda, svörum stjórnarmanna og tillögum endurskoðenda til úrskurðar, skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis 7 dögum fyrir aðalfund.

Article 4.3
Agenda of the Annual General Meeting

At the Annual General Meetings the following business shall be disposed of:

1. A report by the Board of Directors on the Company's status and its businesses in the past operating year.
2. The Financial Statements for the past fiscal year, along with the auditor's remarks shall be submitted for ratification and decided on the appropriation of the profit or the loss of the Company from the past fiscal year.
3. Decided on the fee to the members of the Board of Directors.
4. The remuneration policy shall be approved at the Company's Annual General Meeting with or without amendments.
5. Election of members of the board of Directors in accordance with article 5.1.
6. The election of an Audit Firm of the Company in accordance with article 7.1.
7. Such other matters as duly placed before the meeting in accordance with the notice of the meeting.

If shareholders, holding at least 1/3 of the shares in the Company, request in writing at the Annual General Meeting, the decision on matter number 2 on the agenda shall be postponed to a serial annual general meeting, which shall be called within one month at the earliest or two months at the latest.. Further postponing is not permitted.

The Company's Financial Statements, including the auditor's remarks, the Board of Directors' answers and the auditor's proposition up for decision shall be accessible to the shareholders at the Company's office at least 7 days before the Annual General Meeting.

Grein 4.4
Boðun hluthafafunda.

Stjórn félagsins skal boða til hluthafafunda þegar hún telur þess þörf, svo og samkvæmt fundarályktun eða þegar kjörnir endurskoðendur eða hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 – einum tíunda- hlutfjárins krefjast þess skriflega og greina fundarefni.

Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram komin skal stjórninni skylt að boða til fundar innan 14 daga frá því er henni barst krafan. Hafi félagsstjórn eigi boðað til fundar innan þess tíma er heimilt að krefjast þess að ráðherra láti boða til fundarins skv. ákvæðum 87. gr. hlutafélagalaga.

Hluthafafundir skulu boðaðir bréflaga, með símbréfi eða með auglýsingu í fjölmiðlum.

Aðalfundur skal boðaður með tveggja vikna fyrirvara hið skemmsta en aðra hluthafafundi má boða með einnar viku fyrirvara.

Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Tillögur frá hluthöfum

Tillögur frá hluthöfum sem bera á fram á hluthafafundi skulu komnar í hendur stjórnar eigi síðar en 7 sólarhringum fyrir fund, til þess að þær verði teknar til umræðu.

Ef taka á til meðferðar á fundi tillögu um breytingar á samþykktum félagsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

Dagskrá

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega kröfu til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins, sem liggja skal frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis, ásamt aðaltillögum sem koma eiga til atkvæða, eigi skemur en 7 sólarhringum fyrir fund.

Starfskjarastefnan skal samþykkt á aðalfundi félagsins, með eða án breytinga. Þar skal félagsstjórn jafnframt gera grein fyrir kjörum stjórnenda og stjórnarmanna félags og áætluðum kostnaði vegna kaupréttaráætlana og skýra frá framkvæmd áður samþykkrar starfskjarastefnu.

Löglega frambornar viðauka- og breytingatillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki áður legið frammi hluthöfum til sýnis.

Mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá er ekki hægt að taka til endanlegrar úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa í félaginu, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn.

Article 4.4 Calling of shareholders meetings

The Board of Directors shall call upon a shareholders' meeting when it deems it necessary, as well as according to a resolution or when elected auditors or shareholders controlling a minimum of one tenth of the share capital require so in writing and specify the agenda.

When a meeting has been lawfully required the board is obliged to call a meeting within 14 days as of the time when it received a request thereof. If the Board of Directors has not called the meeting within the above time limit it is possible to request that the meeting will be called upon by a minister in accordance with article 87 of the Act on Public Limited Companies.

Shareholder's meetings shall be called by means of written notice, telegram or with a newspaper advertisement.

The Annual General Meeting shall be called upon with at least 2 weeks notice but other shareholder's meetings may be called upon with a minimum of 1 week notice.

The notice of a meeting shall set forth the agenda.

Proposals of the shareholders

Proposals requested by the Shareholders to be taken for consideration at a shareholders' meeting have to be delivered to the Company's board of directors at the latest 7 days before the meeting.

For a proposal regarding amendments of the Articles of Association of the Company to be taken under consideration, the main subject of the motion shall be specific in a notice to a meeting.

Agenda

Each shareholder is entitled to have certain matters taken for consideration at a shareholders' meeting if he submits a request in writing relating thereto to the Company's board of directors at such advance notice that it is possible to introduce the matter along with the main propositions to the agenda of the meeting which shall be accessible to the shareholders at the Company's office at least 7 days before the meeting.

The remuneration policy shall be approved at the Company's Annual General Meeting with or without amendments. There the Company's Board of Directors shall also give an account of the remuneration of the Company's Officers and Directors and the estimated costs on account of the right of share purchase options and explain the implementation of a previously approved remuneration policy.

Lawfully presented supplements or amendments to the proposals may be suggested at the meeting, although they have not been accessible to the shareholders before the meeting.

A final decision on matters that have not been specified in an agenda may not be made at a shareholders' meeting unless it meets the approval of all the Company's shareholders, but a resolution thereon may be made as guidance for the Company's board of directors.

Grein 4.5 Fundarstjóri

Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs, og tilnefnir hann fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins samkvæmt samþykktum þessum, ákveður form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.

Article 4.5 Chairman of meetings

A Chairman elected by the Shareholders' Meeting will direct the meeting and appoint a Secretary with the shareholders' consent. The Chairman shall resolve all disputes concerning lawfulness of the meeting in accordance with the Company's Articles of Association, decide on the process of debates, procedures of the matters and voting.

Grein 4.6 Gjörðabók

Halda skal sérstaka gjörðabók og skrá þar allar fundarsamþykktir og gagnorðar fundargerðir. Þá er fundargerð hefur verið lesin upp og samþykkt skal fundarstjóri undirrita hana ásamt

ritara. Skulu fundargerðirnar síðan vera full sönnun þess, sem fram hefur farið á hverjum fundi félagsins.

Article 4.6 **Records of Minutes**

Records of Minutes shall be kept in which all resolutions passed shall be recorded together with a concise proceedings. When the Minutes have been read aloud and approved of the Chairman and Secretary of the meeting shall sign the Record of Minutes. The minutes shall then be a full verification of the process of each and every meeting.

Grein 4.7 **Atkvæðavægi**

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum þessum eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess að ráða til lykta málefnum þeim er greinir í 94. gr. hlutafélagalaganna nr. 2/1995, sbr. þó gr. 9.1 samþykktu þessara.

Atkvæðagreiðslur skulu jafnan vera skriflegar, ef einhver fundarmanna krefst þess.

Article 4.7 **Voting powers**

In the Shareholders' Meeting each share with a nominal value of one króna will carry one vote.

A plurality of the votes decides issues except otherwise provided in these Articles of Association or Icelandic laws. A proposal is refused if the vote cast is equal. If two shareholders or more acquire equal votes, a toss-up rules.

The consent of all shareholders shall be required in order to make valid resolutions for matters stated in Act on Public Limited Companies no 2/1995, article 94, notwithstanding article 9.1 of these Articles of Association.

The voting shall be in writing if requested by any person attending the meeting.

Grein 4.8 **Réttur til fundarsetu**

Rétt til setu á hluthafafundum hafa hluthafar, umboðsmenn hluthafa, endurskoðendur félagsins og forstjóri, þótt ekki sé hluthafi. Þá getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þyrfti álitis þeirra eða aðstoðar.

Article 4.8
The right to attend shareholders meetings

The right to attend shareholders' meetings have shareholders, representatives of the shareholders, the Company's auditors and executive officer, although he is not a shareholder. The board of directors is permitted to invite specialists to specific meetings, if their opinion or assistance is requested.

V. KAFLI
Stjórn félagsins

CHAPTER V
Board of Directors of the Company

Grein 5.1
Stjórn félagsins

Aðalfundur félagsins kýs árlega fimm menn í stjórn félagsins og einn til vara. Um hæfi þeirra fer að lögum.

Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum eftir því sem þurfa þykir.

Article 5.1
Board of Directors of the Company

The Annual General Meeting shall annually elect five persons and one in reserve to the Board of Directors. The eligibility is subject to Icelandic law.

The Board of Directors shall elect a Chairman among its members and shall otherwise divide tasks among themselves as it deems appropriate.

Grein 5.2
Stjórnarkjör

Stjórnarkosning fer þannig fram:

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf hluthafafundar. Þeir einir eru kjörgengir á hluthafafundi sem þannig hafa gefið kost á sér.

Á hluthafafundi fara fram bundnar kosningar þannig, að kosið er um þá eina sem gefið hafa kost á sér með tilskyldum fyrirvara.

Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.

Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar félagsins skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Ef hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 – einum tíunda- hlutafjárins krefjast þess, skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund. Ef atkvæði eru jöfn ræður hlutkesti.

Article 5.2
Election of the board members

The election of the Board of Directors shall be as follows:

Persons willing to become members of the board of directors shall inform the board of directors in writing at least 5 days before the shareholders' meeting. The eligibility is limited to the above procedure.

In a shareholders' meeting the process is limited voting, that is only those who have candidated with necessary notice can be elected.

Information on candidates for the Board of Directors shall be available at the Company's office no later than two days prior to the shareholders' meeting.

The voting shall usually be in writing, if the number of persons proposed exceed the number that shall be elected to the board of directors.

If Shareholders holding at least 1/10 – one tenth – of the shares request that a proportional representation or cumulative voting will be used for the voting of the Board of Directors. Such a request shall be submitted to the Company's Board of Directors at least 5 days before the shareholders' meeting. In case of an equality of votes, a toss-up rules.

Grein 5.3.
Verkaskipting og viðfangsefni stjórnar

Stjórnin kys sér formann úr sínum hópi og skiptir með sér verkum.

Boðun stjórnarfunda.

Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim. Aukafundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Fund skal og jafnan halda ef einhver stjórnarmanna eða forstjóri krefjast þess.

Lögmæti stjórnarfunda.

Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar meiri hluti stjórnarmanna sækjir hann. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið, sé þess kostur.

Afl atkvæða ræður úrslitum, nema öðru vísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða lögmætum fyrirmælum.

Stjórnendur skulu halda gjörðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

Article 5.3 Tasks

The board of directors shall elect a Chairman among its members and divide tasks between its members.

Notifications of meetings

The Chairman calls and manages the Board Meetings.. Additional meetings shall be held whenever the Chairman deems it necessary. A meeting shall also be held if requested by one of the board members or the Company's executive officer.

Lawful meeting

The Company's board of directors are competent to make decisions when majority of the directors attend the meeting. Decisions on subjects of material importance shall though not be taken unless all members of the board have been given an opportunity, if possible, to express their opinion thereto.

A plurality of votes will decide issues at board meetings, except otherwise provided for in the Company's Articles of Association or lawful instructions.

The Directors shall keep Records of Minutes to enter into what occurs at the Board Meetings and to confirm it with its signatures.

Grein 5.4

Vald stjórnar félagsins

Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Mikilvægar ákvarðanir, svo sem kaup og sala fasteigna, má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið sé þess nokkur kostur. Gildir slíkt einnig um meiriháttar lántökur og veðsetningar eigna félagsins.

Stjórnin setur félaginu markmið í rekstri með hagsmuni þess og hluthafa að leiðarljósi í samræmi við tilgang félagsins.

Stjórnin skal samþykkja starfskjarastefnu varðandi laun og aðrar greiðslur til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna þess. Í starfskjarastefnunni skulu koma fram grundvallaratriði varðandi starfskjör stjórnenda og stjórnarmanna og stefnu félagsins varðandi samninga við stjórnendur og stjórnarmenn. Jafnframt skal koma þar fram hvort og þá við hvaða aðstæður og innan hvaða ramma heimilt sé að greiða eða umbuna stjórnendum og stjórnarmönnum til viðbótar grunnlaunum m.a. á formi:

1. Afendingar hluta.
2. Árangurstengdra greiðslna.

3. Hlutabréfa, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu.
4. Lánasamninga (þar undir sérstök lánskjör), enda séu þeir heimilaðir samkvæmt þessum eða öðrum lögum.
5. Lífeyrissamninga.
6. Starfslokasamninga.

Starfskjarastefnan er bindandi fyrir félagsstjórnina að því er varðar greiðslur skv. 3. tölul. 1. mgr. Að öðru leyti er starfskjarastefnan leiðbeinandi fyrir félagsstjórnina nema ákveðið hafi verið í samþykktum félagsins að hún skuli vera bindandi.

Upplýsingar um starfskjarastefnuna skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund félagsins. Félagsstjórnin skal jafnframt upplýsa viðsemjendur sína um það hvað felist í starfskjarastefnunni, þar á meðal að hvaða leyti hún sé bindandi.

Starfskjarastefnan skal samþykkt á aðalfundi félagsins, með eða án breytinga. Þar skal félagsstjórn jafnframt gera grein fyrir kjörum stjórnenda og stjórnarmanna félags og áætluðum kostnaði vegna kaupréttaráætlana og skýra frá framkvæmd áður samþykkrar starfskjarastefnu. Ef félagsstjórn vikir frá starfskjarastefnunni skal það rökstutt í hverju tilviki fyrir sig í gerðabók félagsstjórnar

Stjórnin ræður forstjóra, einn eða fleiri, ákveður ráðningarkjör og setur honum erindisbréf. Jafnframt ákveður félagsstjórn hverjir skuldbinda félagið. Félagsstjórn starfar skv. starfsreglum sem stjórnin setur á grundvelli laga um hlutafélög.

Firmað rita meirihluti stjórnarmanna.

Article 5.4

Powers of the Board of Directors of the Company

The Board of Directors wield the supreme power in the Company between Shareholders' Meetings. Decisions of material importance, such as the acquisition or sale of real estate shall not be executed unless all the members of the board have been given the opportunity to comment on the matter, if possible. The same applies to all major loans and mortgages.

The Board of Directors sets out the operational objectives of the Company while safeguarding the Company's and its shareholders' interests. The Board of Directors employs executive officer, one or more, and determines his compensation and grants him commission.

The Board of Directors shall approve the Company's remuneration policy concerning wages and other payments to the Chief Executive Officer and other supreme Officers of the Company as well as its Directors. The remuneration policy shall reveal the basic items concerning the remuneration of Officers and Directors and a Company's policy concerning agreements with Officers and Directors. It shall also be revealed there whether and under

which circumstances and within which framework it be permissible to pay or compensate Officers and Directors in addition to basic wage, i.a. in the form of:

1. The delivery of shares.
2. Performance-linked payments.
3. Share certificates, purchase and sale rights, priority purchase right and other kinds of payments which are linked to share certificates in the Company or development of the price of shares in the Company.
4. Loan agreements (thereunder special credit terms), provided that these be permitted under the present or other Acts.
5. Pension agreements.
6. Retirement agreements.

The remuneration policy is binding for the Company's Board of Directors as it pertains to payments under clause 3, para. 1. In other respects the remuneration policy is guidance for the Company's Board of Directors, unless it has been determined in the Company's Articles of Association that this shall be binding.

Information on the proposed remuneration policy shall be available at the Company's office no later than two days prior to the Company's Annual General Meeting. The Company's Board of Directors shall also enlighten the parties with whom it negotiates about what be contained in the remuneration policy, including to which extent it be binding. In case the Company's Board of Directors deviate from the remuneration policy this shall be substantiated in each individual instance in the Record of Minutes of the Company's Board of Directors.

The board of directors determines who shall have the authority to bind the Company.

The Board of Directors operates according to guidelines which the Board lays down in accordance with law on public limited companies.

The majority of the Board of Directors can bind the firm.

Grein 5.5
Aðgangur stjórnarmanna að bókum félagsins

Stjórnarmenn skulu hafa aðgang að öllum bókum og skjölum fyrirtækisins.

Article 5.5
Access of Board Members to the books of the Company

The members of the board of directors shall have access to all the Company's books and files.

VI. KAFLI
Forstjóri

CHAPTER VI
Chief Executive Officer

Grein 6.1
Verksvið forstjóra

Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins og stýrir dóttur- og hlutdeildarfélögum í samræmi við þær reglur sem honum eru eða verða settar af stjórn félagsins. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikils háttar.

Forstjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Article 6.1
Activities of the Chief Executive Officer

The Company's Chief Executive Officer undertakes the management of the Company's daily operations, and manages the Company's subsidiaries and affiliates in accordance to the policy and instructions which have been laid down or will be laid down by the Company's board of directors. Daily operations do not extend to unusual or major arrangements.

The Chief Executive Officer shall see to that the Company's books be entered in accordance with law and customs and that the handling of the Company's assets be performed in a secure manner.

Grein 6.2
Tengsl stjórnar og forstjóra

Forstjóri er skyldur til að hlíta öllum fyrirmælum stjórnar. Honum ber að veita endurskoðendum allar þær upplýsingar sem þeir óska. Heimilt er að ráða stjórnarmann forstjóra.

Article 6.2
Relations between the board of directors and the Chief Executive Officer

The Company's Chief Executive Officer shall obey all instructions of the board of directors. He shall provide the auditors with all the informations they require. It is permitted to employ the chairman of the board of directors as the Company's Chief Executive Officer.

VII. KAFLI
Reikningar og endurskoðun

CHAPTER VII
Financial Statements and Auditing

Grein 7.1
Reikningsár félagsins

Reikningsár félagsins er frá 1.júlí til 30.júní.. Ársreikningurinn skal endurskoðaður af endurskoðunarfélagi. Á aðalfundi skal kjósa endurskoðunarfélag til eins árs í senn.

Article 7.1
Operational year of the Company

The Company's fiscal year is from 1 July towards 30 June. The Financial Statements shall be audited by an audit firm. At the Annual General Meeting an audit firm shall be elected for one year at a time.

VIII. KAFLI
Eigið hlutafé félagsins

CHAPTER VIII
Own shareholding of the Company

Grein 8.1
Eigin hlutir

Félaginu er heimilt að eiga eigið hlutafé allt að 10% - tíu af hundraði-. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutabréfum, sem félagið á sjálf. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutafé má ekki vera til lengri tíma en 18 mánaða hverju sinni.

Article 8.1
Own shares

The Company may own its own shares to the maximum of 10% - ten out of hundred-. Shares owned by the Company do not have voting rights. The Company can only acquire shares based on a shareholders resolution authorizing the board of directors such action. The Board of Directors' authorization to purchase its own shares can only be valid for 18 months at a time.

IX. KAFLI
Breytingar á samþykktum félagsins

CHAPTER IX
Amendments of the Articles of Association

Grein 9.1
Breyting á samþykktum

Samþykktum félagsins, umfram það sem hlutfélagalög leyfa, má einungis breyta á löglegum hluthafafundi félagsins, enda sé þess rækilega getið í fundarboði, að slík breyting sé fyrirhugað og í hverju hún felst í meginatriðum. Með breytingunni þurfa að greiða atkvæði að minnsta kosti 2/3 – tveir þriðju – hlutar þeirra atkvæða, sem mætt er fyrir á fundinum. Ef eigi sækja slíkan fund hluthafar, sem hafa yfir að ráða nægilegu hlutfjármagni til þess að gera fundinn lögmætan, skal á ný boða til fundar á þann hátt, sem fyrir er mælt í 4.4.. Ræður sá fundur málefni því sem um ræðir til lykta með tveimur þriðju atkvæða, án tillits til fundarsóknar.

Með tillögur um niðurfærslur á hlutafé félagsins skal farið sem lagabreytingar.

Ákvæði samþykta þessara um atkvæðisrétt hluthafa og jafnrétti þeirra á milli verður þó ekki breytt nema með samþykki 9/10 – níu tíundu- hluta allra atkvæða, sbr. 94. gr. hlutfélagalaganna nr. 2/1995.

Article 9.1
Amendment of the Articles of Association

In addition to what is authorized in law on public limited companies, these Articles of Association may only be amended at a lawfully convened shareholders' meetings of the Company, provided that the notice of the meeting clearly indicates that such amendments are scheduled and outlines the main substance of the amendments. The amendment must be approved by no less than two-thirds of the votes represented at the meeting. If the shareholders' meeting is not attended by shareholders controlling sufficient shareholding to make the meeting legitimate, a new shareholders meeting shall be called in accordance with article 4.4 of these Articles of Association. The new meeting takes a final decision on the matter with two thirds of the voting, regardless of how many shareholders attend the meeting.

Decisions regarding reduction of the share capital shall follow the same procedure as law amendments.

The provisions of these Articles of Association's which abridges the voting rights and equality of shareholders will nevertheless not be amended except with the consent of 9/10 – nine out of ten – of all votes, in accordance with Article 94 of the Act on public limited companies.

X. KAFLI
Slit á félaginu

CHAPTER X
Dissolution of the Company

Grein 10.1
Slit félagsins

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu, og fer þá um tillögur þar að lútandi sem um samþykktabreytingar, að því breyttu að ákvörðun um félagsslit skal tekin af hluthöfum, er ráða yfir minnst 2/3 – tveimur þriðju – hlutum af hlutafé félagsins.

Hið sama á við um hvers konar samruna eða sameiningu félagsins við önnur félög og um sölu á öllum eignum þess. Fundur sá, sem samþykkir á lögmatan hátt að slíta félaginu, kveður á um hvernig ráðstafa skuli eignum þess og greiðslum skulda, sbr. XIII. kafla laga nr.2/1995 um hlutafélög.

Article 10.1
Dissolution of the Company

If it is considered necessary or appropriate to wind up the Company, proposals to that effect shall be treated in the same manner as amendments to these Articles of Association, with the variation that a decision of at least 2/3 of the total share capital of the Company is needed for dissolution.

The same applies if the Company merges or joins into other companies in any way and the sale of all of the Company's assets. The meeting which lawfully resolves to dissolve the Company, resolves on the manner of realization of the assets of the Company and payment of its liabilities in accordance with Chapter XIII of the Act no. 2/1995 respecting Public Limited Companies.

XI. KAFLI
Önnur ákvæði

CHAPTER XI
Other Provisions

Grein 11.1
Ákvæði hlutafélagalaga

Þar sem ákvæði samþykktá þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Article 11.1
Provisions of the Act on Public Limited Companies

In respect of such issues, which these present Articles of Association do not specify, the Act no 2/1995 respecting Private Public Companies shall be abided by and other applicable laws.

Þannig samþykkt á hluthafafundi félagsins í Reykjavík, 24. september 2007

So resolved at a Shareholders' Meeting in Reykjavik, 24 September 2007

Mismunur á íslenska og enska textanum

Sé misræmi í samþykktum þessum á milli íslenska textans hins enska, skal íslenski textinn ganga framur.

Difference between the Icelandic and English Text

If there is any difference between the Icelandic text and the English text, the Icelandic text shall prevail.

Samþykktir Alfesca hf. (áður SÍF hf.) voru samþykktar á stofnfundi félagsins hinn 18. febrúar 1993.

Síðan hafa verið gerðar á þeim breytingar á eftirtöldum hluthafafundum:

Á aðalfundi 21. apríl 1995.

Á aðalfundi 26. apríl 1996.

Vegna hlutfjárhækkana 1996.

Á aðalfundi 24. apríl 1998.

Stjórnarákvörðun um hlutfjárhækkun 6. maí 1998. Hækkun nýtt að hluta.

Á aðalfundi 31. apríl 1999.

Aðalfundarákvörðun 31. mars 1999 um nýtingu heimildar til hlutfjárhækkunar nýtt að hluta.

Stjórnarákvörðun um hlutfjárhækkun 14. apríl 1999. Hækkun nýtt að fullu.

Á hluthafafundi 29. desember 1999 vegna samruna ÍS hf.

Á aðalfundi 6. apríl 2001.

Á aðalfundi 22. mars 2002.

Stjórnarákvörðun um hlutfjárhækkun 26. maí 2003.

Á hluthafafundi 15. október 2003.

Á aðalfundi 19. mars 2004.

Á hluthafafundi 6. nóvember 2004.

Á aðalfundi 18. mars 2005

Á hluthafafundi 9. febrúar 2006

Á hluthafafundi 22. maí 2006

Á aðalfundi 24. september 2007

Stjórnarákvörðun um hlutfjárhækkun 17. júlí 2008

Eru framanritaðar samþykktir núgildandi samþykktir félagsins.

These Articles of Association were adopted at the General Meeting on 18 February 1993. Since, amendments have been adopted on following shareholders' meetings.

At the Annual General Meeting of 21 April 1995

At the Annual General Meeting of 26 April 1996

In consideration of Increase of Share Capital in 1996

At the Annual General Meeting of 24 April 1998

Decision of the board of directors in respect of the exercise of the authorisation of the Board to increase the share capital of the Company on 6 Mai (Partly used)

At the Annual General Meeting of 31 Mars 1999, in respect of the exercise of the authorisation of the Board to increase the share capital of the Company (Partly used)

At the Annual General Meeting of 14 April 1999, in respect of the exercise of the authorisation of the Board to increase the share capital of the Company (Fully used)

At a Shareholders' Meeting on 29 December 1999 in respect of consolidation of ÍS hf.

At the Annual General Meeting of 6 April 2002

At the Annual General Meeting of 22 Mars 2002

Decision of the board of directors in respect of the exercise of the authorisation of the Board to increase the share capital of the Company on 26 May 2003.

At a Shareholders' Meeting on 15 October 2003.

At the Annual General Meeting of 19 Mars 2004

At a Shareholders' Meeting on 6 November 2004

At the Annual General Meeting of 18 Mars 2005

At a Shareholders Meeting on 9 February 2006

At a Shareholders' Meeting on 22 May 2007

At the Annual General Meeting of 24 September 2007.

At a Meeting of the Board of Directors on 17. July 2008

The above presented Articles of Association are the Company's current valid Articles of Association.